

JÓL Í VESTURKOTI

2016

Starfsfólk Vesturkots sendir
öllum börnum og
fjölskyldum þeirra bestu
óskir um gleðileg jól og
farsældar á nýju ári.

Með þökk fyrir ánægjuleg
samskipti á árinu sem er að
líða.

Senn líður að jólum og er undirbúningur þeirra hafinn. Þessum tíma ársins fylgir mikil tilhökkun en um leið vill oft verða óþarflega mikið stress. Við höfum ákveðið að skapa rólega stemningu í undirbúningi jólaanna þar sem áhersla er lögð á gleði, vináttu og skemmtilegheit.

Við ætlum að:

- Halda okkar dagskipulagi en þó með ýmsum uppákomum sem tengjast jólunum.
 - Sjá viðburði á næstu síðum.
- Hafa gaman og njóta þess að gera jólaföndur saman.
- Syngja jólasöngva.
- Hlusta á jólasögur.
- Skoða jólaljósín í hverfinu okkar og nágrenni.



Leikskólinn Vesturkot

Miklaholt 1

220 Hafnarfjörður

Sími: 565-0220


vesturkot@hafnarfjordur.is


Heimasíða: <http://vesturkot.leikskolinn.is>





Jólin eru hátíð ljóss og friðar


Helstu viðburðirnir í Vesturkoti tengdir jólahaldinu:


 **22. og 23. nóvember** eru bakaðar piparkökur með börnunum í leikskólanum.


 Í vikunni **28. nóv. - 2. des.** fara börnin í tveimur elstu árgöngunum í Jólaborpið til að skreyta jólatré Vesturkots. Foreldrar eru hvattir til að fara í Jólaborpið og skoða jólatréð á aðventunni.


 Foreldrafélagið stendur fyrir piparkökumálun **laugardaginn 26. nóvember** frá kl. **10:00 - 12:00**. Börnin munu skreyta piparkökurnar sem þau bökuðu í leikskólanum og eiga góða samverustund með fjölskyldu sinni.

 **5. desember** setjum við upp kaffihúsastemningu í salnum, þjóðum öllum börnunum upp á heitt kakó og borðum piparkökurnar sem þau bökuðu og skreyttu. Kaffihúsið verður kl. **9:00** fyrir Austurholt og Norðurholt og fyrir Vesturholt og Suðurholt kl. **14:30**.

 **Mánudaginn 12. desember kl. 13:00** fara elstu börnin fædd 2011 í Hvaleyrarskóla og taka þátt í jólasamverustund. Börnin munu syngja saman nokkur lög og gæða sér á góðgæti.

 Fyrsti jólasveinninn kemur til byggða aðfaranótt **12. desember** og mælum við með því að skógjafir séu geymdar heima. Við ræðum um jólasveinana og styðjumst við kvæði Jóhannesar úr Kötlum.

 Miðvikudaginn **14. desember** verður jólaballið okkar. Þá mæta allir í einhverju **rauðu** og við dönsu og syngjum í kringum jólatréð. Jólasveinninn kemur í heimsókn í boði foreldrafélagsins með gjafir handa börnunum. Við gæðum okkur síðan á hátíðarmat í hádeginu.

 Jólaleikrit verður í boði foreldrafélagsins **þriðjudaginn 19. desember**. Sýningin hefst stundvíslega kl. **9:00** og er mjög mikilvægt að öll börn verði mætt í leikskólann fyrir kl. **8:45**.



15. desember og **21. desember** fara börnin í tveimur elstu árgöngunum að skoða jólahald fyrri tíma í Sívertsenhúsinu. Skipting barnanna verður auglýst þegar nær dregur en báða daganna er mæting kl. **9:00** í Sívertsenhúsið. Mikilvægt er að börnin verði komi í leikskólann fyrir kl. **8:00** þann daginn sem það fer svo enginn missi af strætó.

Þegar aðventan gengur í garð kveikjum við á kertum á vinfundi í salnum. Um leið syngjum við fyrir hvert kerti og kennum börnunum hvað kertin heita. Ykkur til fróðleiks þá eru kertin eftirfarandi:

- Fyrsta kertið er Spádómskerti sem minnir okkur á fyrirheit spámanna um komu frelsarans.
- Annað kertið nefnist Betlehems-kerti og minnir okkur á þær móttökur sem Jesús fékk þegar hann fæddist.
- Hirðakerti nefnist það þriðja og minnir okkur á hirðana sem gættu kindanna úti í haga.
- Fjórða og síðasta kertið er Englakerti sem minnir á lofsöng englanna.



Af gefnu tilefni væri gott ef foreldrar létu vita ef börnin verða ekki í mat milli jóla og nýárs og fyrstu dagana í janúar. Ef enginn tilkynnir frí gerum við ráð fyrir venjulegum fjölda barna. Það færi því mikill matur til spillis ef svo aðeins hluti barnanna kemur.